

# Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

61. fundur, haldinn í Húsinu, Staðarbergi 6. þriðjudaginn 3. desember 2013, kl.18:30

**Fundinn sátu:** Jón Foss Guðmundsson, Eyþór Agnarsson, Elín Lára Baldursdóttir, Birgitta Ósk Bates Gústafsdóttir, Brynhildur Ýr Jónsdóttir, Ína Kathinka Steindórsdóttir og Helga María Helgadóttir

**Afboðuðu:** Sverrir Valgarður Þrastason, Þórdís Dröfn Andrésdóttir, Yngvi Freyr Óskarsson, Veiga Dís Hansdóttir, Kristbjörg Víðisdóttir og Lára Rós Friðriksdóttir

**Fundargerð ritaði:** María Birna Jónsdóttir, starfsmaður Ungmennaráðs

## Dagskrá:

### 1. Fundarstjóri

*Samþykkt að Ína Kathinka Steindórsdóttir sjái um undirbúning og stýri næsta fundi sem verður 17. desember 2013*

### 2. Framhaldsskólar, frh

*Á síðasta fundi UMH var til umræðu hversu slæmt sé að vissir skólar séu taldir „betri“ en aðrir.*

*Eitt af því sem ungt fólk getur gert er að vekja athygli á þessu ásamt því að halda umræðunni gangandi með ýmsum leiðum s.s. að birta greinar í fjölmiðlum. Ýmsar tillögur voru ræddar þar á meðal að frekari fræðsla þurfti að eiga sér stað í 10. bekk. Sú leið gæti verið í formi að „ungur fræðir unga“ þar sem fræðslan er unnin af ungu fólki fyrir ungt fólk. Ýmislegt bendir til þess að ungt fólk hlusti frekar á fólk sem er á svipuðum aldri og þau sjálf ásamt því að þau séu líkleggir til þess að spyrja spurninga. Því leggur UMH til að nokkrir fulltrúar taki það að sér að vinna að kynningu um málefni s.s. viðhorf til framhaldsskóla, hópþrýsting og einelti. Í hópnum eru nokkrir sem hafa starfað sem fræðarar hjá Competo, jafningjarfræðslunni í Hafnarfirði*

### 3. Íslenskar æskulýðsrannsóknir

*Fulltrúar UMH voru með kynningu á Ungmennaráði Hafnarfjarðar og lýðræðisverkefningu, Youth: your voice – styrkt af Evrópu unga fólksins. Sverrir Valgarður Þrastason og Þórdís Dröfn Andrésdóttir sáu um kynningu. Einnig mættu þau Birgitta Ósk Bates Gústafsdóttir, Eyþór Agnarsson, Kristbjörg Víðisdóttir og Jón Foss Guðmundsson. Jón greindi í stuttu máli frá ráðstefnunni. Ýmsir áhugaverðir fyrirlestrar s.s. um einelti, „inngrip í eineltismál“, „er þörf fyrir nýja hugsun í eineltismálum“ og „þróun í vimefnaneyslu grunn- og framhaldsskóla – stökk milli skólastiga“*

#### **4. Önnur mál**

*Þjappa betur saman hópinn þar sem margir nýjir eru komnir í ráðið. Ein hugmynd, sleepover í Húsinu. Starfsmaður kannar það betur*

**Næsti fundur áætlaður 17. desember 2013. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:10**